

Aukaverkanaaðvörun í kófinu. Læknar í þágu covid siðferðis

Suma rekur kannski minni til, að síðasta vor (2021) var um tíma hætt bólusetningum með AstraZeneca vegna áhættu á aukaverkunum.

Það voru samtök lækna og vísindamanna frá tuttugu og fimm þjóðum, sem skrifað höfðu forstýru Lyfjastofnunar Evrópu (The European Medicines Agency - EMA), Emer Cooke, með afritum til Charles Michel (1975), forseta Evrópuráðsins (Council of Europe), og Ursula von der Leyen (f. 1958), forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (European Commission). (Sú fyrstnefnda er írskur lyfjafræðingur, skipuð í embætti í nóvember 2020. Úrsúla er þýskur læknir, Charles er belgískur lögfræðingur.)

Í svari til hópsins, sem kallar sig "Læknar í þágu covid-siðferðis," var gert lítið úr ábendingum þeirra, bólusetningarlyfið talið vera fremur heilsueflandi en heilsuspillandi. Þetta er viðkvæðið frá íslenskum yfirvöldum. Þórólfur sjálfur segir EMA ábyrga stofnun, rétt eins og samsvarandi stofnun vestan hafs, Malvæla- og lyfjastofnunina (Food and Drug Administration - FDA).

Ég sýndi því miður það dómgreindarleysi að hlaupa til við bólusetningarkvaðningu íslenskra heilbrigðisyfirvalda á grundvelli meðmæla frá EMA. "Þú átt tíma," voru upphafsorð kvaðningarinnar.

Í fréttatilkynningu um boðskap hópsins stendur: "Vænta má," að blóðkekkjun og blæðing í kjölfar bólusetningar "aukist með hverri endurbólusetningu og sérhverri nálægð við kórónuveiruna milli þeirra." Þegar fram líða stundir "skapar þetta hættu, bæði við endurteknar bólusetningar og návígi við almennar kórónaveirur, fyrir unga og heilbrigða aldurshópa. Án „bólusetningar“ hefur Covid-19 enga umtalsverða hættu í för með sér fyrir þá."

Hópurinn sendi hinni „ábyrgu stofnun“ kalda kveðju. „Annað hvort skortir EMA sérfræðiþekkingu til að leggja mat á viðeigandi sameindavísindi, eða hana [stofnunina] skortir siðferðislegt hryggjarstykki til að láta hana stjórna gjörðum sínum.“

Raun ber vitni um, að blæðingar og ýmis konar hjartakvillar eru snarir þættir í þeirri mynd aukaverkana, sem stöðugt verður skýrari. Bréfsskipti hópsins og EMA eru fróðleg. Krækjur hér fyrir neðan.

Raun ver einnig vitni um, að fólk smitar, þrátt fyrir „bólusetningu,“ veikist, þrátt fyrir bólusetningu, og það er varla, þrátt fyrir blekkingarleiki með upplýsingar, nokkur

ástæða til að ætla, að aukaverkunum fækki með fjölgun sprauta, nema síður sé. Nú hafa heilbrigðisyfirvöld mundað fjórðu sprautuna.

Nýlega hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) (óvart) látið í ljós þá staðreynd, að kórónaveiran hafi valdið færri dauðsföllum almennt heldur en árstíðabundin influensa. Grein þess efnis frá grísk-bandaríska farsóttarfræðingnum, John Ioannidis (f. 1965), birtist meira að segja í Tíðindum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO Bulletin) sjálfrar.

En þrátt fyrir þetta viðheldur sóttvarnarlæknir og ríkisstjórn Íslands – með dyggri aðstoð RÚV - múgsefjuninni við og hyggst brjóta sóttvarnalög enn um sinn.

https://www.who.int/bulletin/online_first/BLT.20.265892.pdf

<https://doctors4covidethics.org/blog/>

<https://doctors4covidethics.medium.com/urgent-open-letter-from-doctors-and-scientists-to-the-european-medicines-agency-regarding-covid-19-f6e17c311595>

<https://doctors4covidethics.org/rebuttal-letter-to-european-medicines-agency-from-doctors-for-covid-ethics-april-1-2021/>

<https://doctors4covidethics.org/press-release-doctors-and-scientists-accuse-medical-regulator-of-downplaying-covid-19-vaccine-dangers/>